inn þannig fallinn í gjalddaga þegar meðan varan er á skipi. Eptir 2. gr. laganna má ekki afhenda viðtakanda vöruna fyrr en tollgjaldið er greitt, eptir því sem það hefur löglega ákveðið verið. Lögin hafa engin ákvæði um að tollgreiðsla falli burt fyrir sakir skemmda á leiðinni, nje neina vísbending um hvernig skuli haga sjer í slíku tilfelli. Það er engin heimild til að draga neinar reglur hjeraðlútandi af undantekningarákvæði 3. greinar í lögum 11. febr. 1876, enda er ekki einu sinni samræmi fyrir hendi, þar sem nefnd lagagrein talar um skemmdir á leiðinni hingað til lands, en hinn umræddi sykur hefur skemmst eptir að hann var að lögum innfluttur til landsins, og eptir að hann var kominn í vörzlur viðtakanda eða annara manna, sem annast hafa uppskipun vörunnar fyrir hans hönd. 62 8. maí

Samkvæmt þessu ber að greiða toll af þeim c. 1000 pundum af sykri, sem brjef yðar hljóðar um, sbr. einnig brjef mitt til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 15. ágúst f. á., stj.tíð. 1890, B bls. 92, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að innheimta tollgjald þetta tafarlaust eptir því sem skjöl og skilríki liggja til, og greiða það í landssjóðinn.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um rjett sveitarstjórna samkv. lögum 24. jan. 1890, þegar óskilgetið barn þiggur af sveit, o. fl.** — Í þóknanlegum brjefum dags. 19. marz og 3. apríl síðastl. hafið þjer, herra sýslumaður spurzt fyrir um það, hver sje í raun og veru rjettur sá, sem 4. gr. laga nr. 9, 24. jan. f. á. veitir sveitarstjórn, þar sem óskilgetið barn þiggur af sveit. Hinum öðrum fyrirspurnum yðar viðvíkjandi 3. gr. laganna í brjefinu frá 19. marz er eins og þjer takið fram í hinu síðara brjefi yðar, svarað í brjefi mínu til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 30. desbr. f. á., er birt er í B-deild Stjórnartíðindanna 1890, bls. 201, nr. 188, og vísast hjer með til þess brjefs að því er þær fyrirspurnir snertir, að því viðbættu, að vistarsveit eður framfærslusveit barnsföður getur að sjálfsögðu krafizt, að gjalddagi barnsfúlgu sje eins og upphæð fúlgunnar ákveðin af amtmanni, áður sveitin greiðir hana af hendi fyrir föðursins hönd. 63 8. maí

Viðvíkjandi ákvæðum 4. greinar um rjett sveitarstjórnanna, þegar barn þiggur af sveit, lýsið þjer yfir því áliti yðar, að til þess að sveitarstjórn hafi þann rjett er greinin tiltekur, útheimtist í fyrsta lagi, að til sje yfirvaldsúrskurður, sem ákveði upphæð meðgjafarinnar og gjalddaga. En þó að slíkt skilyrði sje fyrir hendi, sjáið þjer ekki að sveitarstjórnin sje neinu nær fyrir það, með því að rjettur sá, sem móðurinni er veittur í 3. gr., sje í því innifalinn, að hún geti krafizt meðgjafarinnar af vistarsveit föðursins, ef hún er ekki einfær um að annast barnið, og sannar það með vottorði sveitarstjórnarinnar í dvalarsveit sinni. Og þar sem þjer teljið óhugsandi, að sveitarstjórn geti gefið sjer eða sveit sinni slíkt vottorð, að hún sje ekki einfær um að annast einn af ómögum sínum, eða með öðrum orðum, að hún geti ekki staðizt sem sveitarfjelag, þá komist þjer að þeirri niðurstöðu, að rjettur sá, sem verið hefur tilætlan löggjafans að veita sveitarstjórn þeirri, þar sem óskilgetið barn þiggur af sveit, sje í rauninni öldungis enginn.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er vitaskuld, að vistar eða framfærslusveit barnsföður hefur rjett til þess að heimta, að upphæð og gjalddagi fúlgu þeirrar, sem hún greiðir fyrir hans hönd, sje

63 8. maí ákveðin af yfirvaldinu, eins í því tilfelli, þar sem sveitarstjórn eða aðrir samkvæmt 4. gr. laganna gjöra kröfu á hendur henni, og að öðru leyti er það skýr meining hinnar umræddu lagagreinar, að eins og móðir óskilgetins barns getur undir vissum kringumstæðum heimtað að meðlag föðursins sje greitt af vistarsveit hans o. s. frv., eins geti sveitarstjórn eða þeir aðrir, sem annast framfærslu barnsins eptir móðurina látna, burt farna eða af öðrum líkum orsökum, snúið sjer til vistarsveitar föðursins um greiðslu á meðlagi hans, ef barnið ekki á eigur sjálft, er það geti orðið framfært af.

64 8. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* **um gildi 2. og 3. bálks farmannalaganna að því er snertir fiskiskip.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, beiðzt fyrirsagnar minnar um það, hvort 2. og 3. bálkur farmannalaganna 22. marz f. á. nái einnig til fiskiskipa, svo sem skrásettra hákarlaskipa, og hafið þjer lýst því áliti yðar, að svo muni ekki vera, og tekið fram sem ástæður fyrir þessari skoðun yðar:

1, að af þeim fjórum stjórnarfrumvörpum, sem lögin sjeu tilbúin úr, sjeu fiskiskip ekki nefnd nema í fyrirsögn eins frumvarpsins, þess, er samsvarar 4. bálki farmannalaga, og virðist yður þetta benda á, að hin frumvörpin og þá hinir bálkarnir skuli eigi ná til fiskiskipa;

2, að ummæli laganna í 2. og 3. bálki bendi yfir höfuð öllu fremur til þess, sem snertir kaupskip eða flutningsskip, sem fara landa og hjerlendra hafna á milli, en til þess, sem snertir fiskiskip, sjerstaklega hákarlaskip norðanlands, með því að hásetar á slíkum skipum sjeu optast ráðnir uppá hlut en ekki kaup, og opt ráðnir á skipið meðan því það sumar verði haldið út í legur, en að niðurlag 13. greinar laganna komi í bága við slíkt fyrirkomulag;

3, að miklir erfiðleikar sjeu á því fyrir útvegseigendur eða skipstjóra að fullnægja fyrirmælum 3. bálks laganna um lögskráning, og tímatöf, t. d. fyrir formenn úr Grýtubakkahreppi að snúa sjer til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, sem býr á Hjeðinshöfða á Tjörnnesi, og bæti það eigi fullkomlega úr, sem fyrir er mælt í 23. gr. laganna, að löggiltur umboðsmaður á löggiltu kauptúni samkvæmt o. br. 28. desbr. 1836, 9. gr. framkvæmi lögskráninguna.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að farmannalögin eru sem heild gefin út fyrir öll íslenzk þilskip, en að eins að því er snertir fyrsta bálk laganna, um dagbókarhald, er sú takmörkun eða undantekning gjörð með berum orðum í 1. grein, að fyrirmæli bálksins eru einskorðuð við skip sem fara á milli landa. Í hinum öðrum bálkum laganna er engin slík undantekning eða takmörkun, og er það því með öllu óheimilt, eins og lögin liggja fyrir, að undanskilja vissa flokka skipa eða skip á vissum svæðum undan fyrirmælum hinna annara bálka, þó að fullnustugjörð laganna kunni að hafa einhver óþægindi fyrir einstaka menn í för með sjer, og verða því hákarlaskip fyrir norðan vitanlega að vera sömu lögum háð og önnur skip hjer á landi. Að því er að öðru leyti snertir framangreindar ástæður fyrir áliti yðar skal jeg taka fram:

1. Það virðist ekki verða dregin nein ályktun af því atriði, þó að fiskiskip sjeu nefnd í fyrirsögn eins af stjórnarfrumvörpunum, en ekki í fyrirsögnum hinna frumvarpanna, þegar af þeirri ástæðu, að í fyrirsögn þess frumvarps eru talin upp verzlunarskip og fiskiskip sem helztu tegundir skipa, en í fyrirsögnum hinna frumvarpanna eru nefnd skip almennt.

2. Ef einhversstaðar á landinu hafa tíðkazt skiprúmssamningar, sem ekki geta samrýmzt við fyrirmæli farmannalaganna, þá virðist nær að haga samningunum framvegis samkvæmt lögunum, heldur en að ganga fram hjá lögunum vegna samninganna.

3. Þegar lögskrá þarf menn á skip eða af skipi, er skipstjórum samkvæmt 23. gr. laganna heimilt að sigla þangað, er næst er til skráningarstaðar, í þeim tilgangi, en eru alls ekki bundnir við skráningarstjórann í því lögsagnarumdæmi, sem skipið á heima í.

Jafnframt því að tjá yður það, sem að framan er ritað, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að hafa nákvæmt eptirlit með því, að fyrirmælum 2. og 3. bálks farmannalaganna sje hlýtt í umdæmi yðar, einnig að því er hákallaskip snertir.